

# Lokaskýrsla 2021-2022

## *Efling lærdómssamfélags í Fjölbrautaskóla Suðurnesja*



## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að vinna að því að innleiða faglegt lærdómssamfélag innan skólans. Það verður gert með því að kynna hugtakið lærdómssamfélag og meta stöðu þess. Í framhaldinu verður svo farið í að vinna með starfsfólki að sameiginlegum gildum og framtíðarsýn skólans en það er einn af lykilþáttunum í faglegu lærdómssamfélagi. Hugmyndin er einnig að efla starfandi starfsþróunarhóp innan skólans og fjölga þátttakendum í þeim hópi. Einnig á að vinna markvisst í leiðsögn nýrra kennara. Þá verður boðið upp á námskeið fyrir þá sem vilja taka að sér leiðsögn og nýir kennarar munu fá leiðsögn næsta skólaár. Að lokum verður markvisst farið í að skoða gögn og tölur til að bæta nám nemenda.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði og helstu niðurstöður

### Gögn og tölur

Í þessum þætti var aðallega einblínt á nám erlendra nemenda þetta skólaárið. Við skólann hefur verið starfandi verkefnastjóri með erlendum nemendum sem hefur haldið utan um þeirra mál og reynt að hjálpa þeim eftir þörfum. Í vetur kom í ljós að við höfðum lítil úrræði fyrir nemendur sem höfðu litla sem enga enskukunnáttu eða íslenskukunnáttu. Skólinn hafði einfaldlega ekki nám í boði fyrir þessa nemendur en þessi hópur fer sífellt vaxandi á svæðinu. Í samstarfi við Menntanet Suðurnesja, sem er samstarfsverkefni skólastofnana á framhaldsskólastigi á svæðinu, var hrundið af stað tilraunanámsbraut til þess að bregðast við þessum vanda. Voru fjórir kennarar ásamt verkefnastjóra fengnir til þess að kenna á þessari námsbraut. Námsgreinar voru íslenska, matreiðsla, samfélag og nærumhverfi, upplýsingatækni og vinnubrögð og tjáning. Gekk starfið vel þrátt fyrir áskoranir hvað varðar tungumálið og verður samskonar braut keyrð núna í haust með svipuðu fyrirkomulagi. Það sem við viljum breyta er að efla tengsl erlendra nemenda við aðra nemendur þannig að þeir kynnist fleiri og nái betri tókum á tungumálinu. Það verður gert með því að láta þessa nemendur taka sameiginlega áfanga með öðrum, t.d. í ensku og ípróttir. Þetta er eitt dæmi hvernig gögn voru notuð til að bæta nám nemenda.

### Leiðsögn nýrra kennara

Við byrjuðum með 3 klukkustunda námskeið fyrir kennara sem höfðu áhuga á leiðsögn nýrra kennara vorið 2021. Var það 21 kennari sem sótti námskeiðið undir stjórn Súsönnu Margrétar Gestsdóttur, lektors við Háskóla Íslands. Þar var farið yfir helstu atriðin hvað varðar leiðsögn nýrra kennara og var fólk ánægt með námskeiðið. Fólk var jafnframt hvatt til þess að sækja sér nám í leiðsögn og tóku tveir starfsmenn skólans námskeiðið Starfstengd leiðsögn við Háskóla Íslands á haustönninni.


Haustið 2021 fengu tveir nýir kennarar leiðsögn og svo fengu aðrir tveir nýir kennarar leiðsögn á vorönninni 2022. Leiðsagnarkennararnir höfðu flestir tekið námskeiðið um leiðsögn hér að ofan. Voru greiddir fimm tímar fyrir leiðsögnina á önn. Á haustönn og vorönn var rætt við nýja kennara af stjórnanda hvernig kennslan gengi og hver þeirra upplifun var af leiðsögninni.

Í lok skólaárs var svo gerð könnun á upplifun nýrra kennara og leiðsagnarkennara. Í ljós kom að kennarar voru ánægðir með leiðsögnina, tengdist hún að mestu leyti hagnýtum hlutum og hvernig hlutirnir væru gerðir en kannski minna um kennsluna sjálfa. Leiðsagnarkennararnir sögðust hafa geta hjálpað við ýmislegt hvað varðaði kennsluna og höfðu flestir farið í heimsókn í kennslustund til nýja kennarans. Út frá þessum upplýsingum og mati stjórnenda hafa verið teknar saman betrubætur á leiðsagnarkerfinu fyrir næsta skólaár og gerð hugmynd að ramma um leiðsögn nýrra kennara sem mun fylgja lokaskýrslunni.

### Mótun nýrrar framtíðarsýnar

Vorið 2021 hélt Anna Kristín Sigurðardóttir, ráðgjafi verkefnisins erindi um lærdómsamfélagið og svo var í kjölfarið haldinn umræðufundur um lærdómsamfélagið þar sem það var metið út frá staðhæfingum í fjögurra manna hópum. Helstu niðurstöður er þær að óvissa ríkir um stefnu og gildi skólans, ekki sé mikið um að rýnt sé í gögn/upplýsingar í eigin kennslu, kennarar telja að nemendur geti náð framförum og hafi eitthvað um það að segja, kennarar þróa nýjar aðferðir og leggja sig fram um að verða betri kennarar en skiptar skoðanir hvort stjórnendur veiti hvatningu til skólaþróunar og nýti tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu. Einnig eru skiptar skoðanir hvort það sé til formlegt ferli til samstarfs og það sama á við um skipulag og tækifæri til samstarfs. Nánari niðurstöður úr þessu mati munu fylgja lokaskýrslunni. Þessar niðurstöður voru svo kynntar starfsmönnum í ágúst 2021 á starfsmannafundi.

Í september 2021 var byrjað á því að vinna í framtíðarsýn skólans og var boðað til fundar með öllum starfsmönnum þar sem unnið var í hópum með tvær megin spurningar. Annars vegar að búa til markmið um nám nemenda og hins vegar að búa til markmið um starfsfólk og starfshætti. Hver hópur bjó til þrjú markmið fyrir hvorn lið sem sett voru á spjöld. Að því loknu fékk hver starfsmaður fimm dopper til að setja á spjöldin frá öllum hópunum og hafði alveg frjálssar hendur hvert doppernar færu.



Mynd 1 sýnir dæmi um punkttagjöf um áherslu sem tengjast nemandanum

## Markmið um starfsfólk og starfshætti



- \* Efla fagmennsku og metnað starfsmanna
- \* Skapa möguleika á endurmenntun
- \* Jafnrétti

Mynd 2 sýnir dæmi um punkttagjöf um áhersluatriði fyrir starfsmenn

Síðan var unnið úr þessum niðurstöðum og reynt að sameina þá þætti sem fengu flestar dopper. Þessi vinna hélt svo reglulega áfram og var kynnt á námsfundum og starfsmannafundum.

Í janúar leit vinnan svona út:

1. **Framsækinn skóli**

FS er leiðandi og framsækin menntastofnun í námi og kennslu þar sem kennsluhættir og fagleg vinnubrögð eru í samræmi við bestu þekkingu, tækni og búnað hverju sinni.

2. **Skóli fyrir alla**

Í FS er lögð áhersla á að styrkja og efla alla nemendur félagslega, persónulega og námslega með fjölbreyttu námsframboði og markvissri vinnu með sjálfsímynd, þrautseigju, félagsfærni, samfélagsvitund og trú á eigin getu.

3. **Góður vinnustaður**

Í FS er lögð áhersla á gott starfsumhverfi og aðbúnað fyrir allt starfsfólk með áherslu á fjölbreytta möguleika til starfsþróunar, faglegra samvinnu og uppbyggjandi samskipti.

4. **Heilsueflandi skóli**

FS er heilsueflandi framhaldsskóli og miðar að því að bæta heilsu og líðan allra þeirra sem starfa og nema við skólann.

5. **Græn skref**

Í FS er unnið að því að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki.

Mynd 3 sýnir þau áhersluatriði sem mynda framtíðarsýn Fjölbautaskóla Suðurnesja næstu árin

Í mars var haldinn fundur þar sem unnið var með þessi áhersluatriði og fólk hvatt til þess að nefna styrkleika og veikleika skólans í liðum 1-3 á myndinni hér að ofan. Sérstök teymi vinna eftir skýrum viðmiðum varðandi heilsueflandi skóla og græn skref og því var ekki farið sérstaklega í þá liði. Úr þessu var unnið áfram og hafa verið gerð drög að aðgerðaáætlun til að ná þessum atriðum fram í skólastarfinu. Gildir hún til næstu fjögurra ára. Er það hugsað sem lífandi skjal sem er endurskoðað reglulega. Fylgir aðgerðaráætlunin með þessari skýrslu

#### Starfsþróunarhópur

Starfsþróunarhópurinn samanstendur af 10 kennurum og hittist að jafnaði einu sinni í mánuði yfir veturinn. Unnið var í ýmsum verkefnum, s.s. kennslu erlendra nema, nýir áfangar prufukeyrðir, aðferðir við tungumálakennsla, leiðsögn nýrra kennara o.fl. Ingvar Sigurgeirsson ráðgjafi kom og hitti hópinn einu sinni í vetur og kynnti fólk verkefni sín fyrir honum. Var vel mætt á þann fund, bæði þátttakendur og aðrir gestir enda er Ingvar vel kunnur í skólamálaheiminum. Þess má geta að allir fundir hópsins voru opnir öllu starfsfólki.

Í mars var svo haldinn sameiginlegur fundur starfsþróunarhópa Menntaskólans við Sund og Fjölbautaskóla Suðurnesja. Þar kynntu skólarnir þá starfsþróun sem skólarnir eru með og svo var hópnum skipt í nokkra þemahópa sem starfsmenn úr hvorum skóla skiptu sér á:

- Skipulag skólastarfs og lærdómssamfélag.
- Mótun nýrra áfanga og nemendalýðræði.
- Samvinna og vellíðan nemenda.
- Nýsköpun og frumkvöðlafræði
- Rafrænir kennsluhættir og námsgögn.

Að lokum var fundurinn dreginn saman og síðan var boðið upp á skoðunarferð um skólann. Var fólk mjög sátt við daginn og hafði gagn og gaman af umræðunum. Stefnt er að því að hóparnir hittist fljótlega aftur.



*Mynd 4 Sýnir frá fundi starfsþróunarhópa FS og MS þann 7. mars síðastliðinn*

Þátttakendur í starfsþróunarhópnum skiluðu af sér greinargerð í lok hvorrar annar. Sjö kennarar skiluðu af sér greinargerð á haustönninni og sex kennarar á vorönninni. Fundir hópsins voru öllum opnir þannig og gat fólk komið og fylgst með vinnunni sem fram fór á fundunum. Hugmyndir eru uppi meðal skólastjórnenda að útvíkka þetta starf með því að bjóða upp á starfsþróunarklúbba á næsta skólaári. Þar myndu kennarar velja sér ýmis starfsþróunarviðfangsefni í formi klúbbs til að vinna með yfir skólaárið. Þeir sem hefðu áhuga á svipuðu viðfangsefni myndu þá funda reglulega yfir skólaárið.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Það voru ekki nein stór frávik. Við fengum Súsönnu Margréti inn til að halda námskeið um leiðsögn og kannski hefði mátt fara dýpra í notkun gagna og talna varðandi það að bæta nám nemenda með kennurum. Ef til vill voru kannski of margir boltar á lofti í þessu verkefni á svo stuttum tíma (1 ár) og meiri tíma hefði þurft til að ná öllu fram sem stefnt var að. Starfandi aðstoðarskólameistari sá um verkefnastjórnina á þessu verkefni með hjálp frá öðrum stjórnendum og millistjórnendum (námstjórum) sem sáu að mestu um samantektir á gögnum á milli funda.

Annað sem var gert og var ekki í verkefnalýsingunni var að við héldum kynningar á störfum innan skólans síðasta skólaár. Kynntu þá starfsmenn og kennarar það sem þau eru fást við í sínum störfum í skólanum. Hugmyndin með því var að efla og styrkja lærdómssamfélag í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem starfsmenn læra hver af öðrum og hver með öðrum. Einnig var áhersla á að starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja yrði upplýstara um nám, kennslu og hlutverk starfsfólks sem fer fram innan veggja skólans. Það voru 19 hópar eða einstaklingar sem héldu kynningar á skólaárinu. Voru kynningarnar fjölbreyttar og áhugaverðar. Gaman var að sjá mismunandi nálganir í því hvernig störfín voru kynnt og töluðu margir um að undirbúningurinn við kynningar hafi verið gott hópefli fyrir hópinn.

Mat á lærdómssamfélaginu átti að fara fram aftur í lok verkefnisins. Ákveðið var að bíða með það fram á haustið og gera það þá með skriflegum hætti.



## Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Engar sérstakar hindranir voru til staðar nema kannski það sem nefnt var hér að undan að það hefði þurft meiri tíma til að vinna að ákveðnum þáttum eins og t.d. með gögn og tölur. Eins hefði þurft meiri tíma til að klára aðgerðaáætlun fyrir framtíðarsýnina en það verkefni heldur áfram næsta skólaár.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Það sem hefur helst áunnist með þessu verkefni er það er komin ákveðin framtíðarsýn fyrir skólann sem allir starfsmenn komu að. Starfsfólk skólans ætti því að vera upplýst um það fyrir hvað skólinn stendur. Einnig er komin aðgerðaáætlun til að fylgja framtíðarsýninni eftir þannig að þetta eru ekki bara orð á blaði. Einnig hafa kynningar á störfum komið vel út og þjappað starfsmannahópnum vel saman. Einnig komu fram atriði við mat á lærdómssamfélaginu í byrjun verkefnisins sem gott var að fá fram og hægt er að bregðast við.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið mun tvímælalaust hafa áhrif á skólastarfið. Það að hafa skýra framtíðarsýn og vita hvað skólinn stendur fyrir skiptir miklu máli til að skapa faglegt lærdómssamfélag. Skólinn er einnig kominn með grunn að leiðsögn nýrra kennara sem hjálpar kennurum að fóta sig í nýju starfi. Það starf sem unnið hefur verið með starfsþróunarhópnum mun líklega breytast í haust með það að markmiði ná til fleiri kennara og gera þá virkari í sinni starfsþróun. Það mun vera gert með tilkomu svokallaðra starfsþróunarklúbba sem nefndir voru hér að undan.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins. - Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins. - Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það? - Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Rætt er um niðurstöðurnar í verkefninu í öðrum kafla. Framtíðarsýn með aðgerðaáætlun er klár. Leiðsagnarkerfið hefur verið prófað og komnar eru tillögur að endurbótum fyrir næsta skólaár. Starfspróunarhópurinn mun halda áfram en kannski með öðrum hætti næsta skólaár. Hægt er að gera betur með að nýta gögn og tölur til að bæta nám nemenda. Í þessu verkefni var einblínt á nám erlendra nema, sér í lagi þá sem ekki hafa neina ensku- né íslenskukunnáttu. Við munum halda áfram að vinna með alla þessa þætti næsta skólaár og reyna að gera enn betur.

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Í upphaflegri áætlun var hugmyndin að skrifa grein í Víkurfréttir og Skólaþræði. Stefnt er að því að kynna framtíðarsýnina á vef skólans í ágúst og segja frá verkefninu einnig þar og í framhaldinu skrifa greinar í Víkurfréttir og Skólaþræði.

Reykjanesbæ 23. júní 2022

Guðmundur G. Karlsson

Guðmundur Grétar Karlsson

Verkefnastjóri

Guðlaug Pálsdóttir

Guðlaug Pálsdóttir

Skólameistari

